



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 22. ágúst 2019
SFS2019060109
167. fundur
HG/et

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði

Á 162. fundi skóla- og frístundaráðs, 11. júní 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu ráðninga í kennarastöðum í grunnskólum Reykjavíkur fyrir skólaárið 2019-2020. Óskað er upplýsinga um stöðu ráðninga á frístundaheimili í grunnskólum Reykjavíkur fyrir skólaárið 2019-2020. Óskað er upplýsinga um stöðu ráðninga á leikskólum Reykjavíkur.

Svar:

Meðfylgjandi er minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. ágúst 2019, um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði 19. ágúst 2019.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 19. ágúst 2019

Dagana 14. – 16. ágúst 2019 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Samkvæmt svörum þeirra á eftir að ráða í 60,8 grunnstöðugildi í leikskólum, 40 stöðugildi í grunnskólum og 102,5 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Svör bárust frá öllum.

Í leikskóla á eftir að ráða í 60,2 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun¹. Þess ber að geta að nú í haust er áætluð aukin starfsmannapörf um 34 stöðugildi miðað við síðasta ár þar sem leikskólarýmum fjölgar um 66 í viðbótarhúsum við fjóra leikskóla (14 stöðugildi) og barngildi 5 ára barna breytast úr 0,9 í 1 (20 stöðugildi). Þegar miðað er við starfsmannafjölda leikskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 96% stöðugilda.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 40 stöðugildi. Þess ber að geta að nú í haust er áætluð aukin starfsmannapörf um 10 stöðugildi vegna fjölgunar nemenda. Þegar miðað er við starfsmannafjölda grunnskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 98% stöðugilda.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 102,5 stöðugildi. Þegar miðað er við starfsmannafjölda frístundaheimila/sértækra félagsmiðstöðva í maí á þessu ári er búið að ráða í 78% stöðugilda.

Í meðfylgjandi töflu er staðan í ráðningum skipt eftir starfssemi og borgarhlutum.

Staða ráðninga, ágúst 2019

Stöðugildi sem ráða þarf í	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Miðborg- Hlíðar/Vesturbær	Alls
Leikskólar	13,5	6,0	10,5	7,0	23,2	60,2
Grunnskóla	7,1	5,0	11,9	5,3	10,8	40
Frístundaheimili/sértæk félagsmiðstöð	20,0	18,0	15,5	30	19,0	102,5
<i>Fjöldi stm í fríst.starfi</i>	<i>40</i>	<i>36</i>	<i>31</i>	<i>60</i>	<i>39</i>	<i>206</i>

¹Auk þeirra 60,2 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í ágúst miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 15,95 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 10,55 stöðugildi í veikindaafleysingar og 0,6 í önnur störf, samtals 27,1 stöðugildi.

Leikskólar

Í leikskólana á eftir að ráða í 60,2 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þeirra barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss. Þessi stöðugildi skiptast svo á starfsheiti: 2 stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra, 5 stöðugildi deildarstjóra, 39 stöðugildi leikskólakennara/starfsfólks á deild, 4 stöðugildi sérkennslustjóra og 10,2 stöðugildi í stuðning.

Auk þeirra 60,2 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í ágúst miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 15,95 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings, 10,55 stöðugildi í veikindaafleysingar og 0,6 stöðugildi í önnur störf, samtals 27,1 stöðugildi.

Eins og fram hefur komið fjölgar stöðugildum í leikskólum um 34 vegna stækkunar leikskóla og breytinga á barngildum.

Í samantekt frá 21. ágúst 2018 átti eftir að ráða í 61,8 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Auk þess átti eftir að ráða 22,5 stöðugildi í afleysingu og önnur störf.

Í ágúst 2019 er búið að ráða í 96% stöðugilda í leikskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá 21. ágúst 2018 var búið að ráða í 93,6% stöðugilda.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá leikskólastjórum er enn óljóst hvort staða ráðningarmála seinki áætlunum um inntöku barna.

Grunnskólar

Í grunnskólana vantar núna 40 stöðugildi, þar af 8,20 stöðugildi kennara, 16,80 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 14 stöðugildi skólaliða og 1 stöðugildi þroskaþjálfara.

Þess má geta að nú í haust samkvæmt bráðabirgðatölum um nemendafjölda eru 75 fleiri nemendur núna en á síðasta ári sem eykur starfsmannaþörf um u.þ.b. 10 stöðugildi.

Í samantekt frá 21. ágúst 2018 vantaði 33,4 stöðugildi alls, 11,1 stöðugildi kennara, 10,6 stöðugildi stuðningsfulltrúa og 7,7 stöðugildi skólaliða og 4 stöðugildi í önnur störf.

Í ágúst 2019 er búið að ráða í 98% stöðugilda í grunnskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá 21. ágúst 2018 var búið að ráð í 98,3% stöðugilda.

Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar vantar 206 starfsmenn í 102,5 stöðugildi. Yfirleitt er um 50% störf að ræða. Af 102,5 stöðugildum í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum sem þarf að ráða í eru 35,5 stöðugildi með fötluðum börnum og ungmennum og eru það 72 starfsmenn.

Í samantekt frá 21. ágúst 2018 vantaði 211 starfsmenn í 103,3 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Yfirleitt er um 50% störf að ræða. Af 103,3 stöðugildum í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum vantaði að ráða í 15,8 stöðugildi með fötluðum börnum og ungmennum og eru það 33 starfsmenn. Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar átti eftir að ráða í 103,3 stöðugildi.

Í ágúst 2019 er búið að ráða í 78% stöðugilda í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá 21. ágúst 2018 var búið að ráð í 71,1% stöðugilda.

Þann 19. ágúst var búið að sækja um fyrir 3.867 börn í frístundaheimili og 144 börn í sértækar félagsmiðstöðvar, samtals 4.011 umsóknir. Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna fáliðunar, er fyrst litið til forgangshópa síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hóp boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verður börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst.

Á biðlista eru núna 1.328 börn, búið er að samþykkja 2.632 börn inn í dvöl í frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvum þar af 222 í hlutavistun.

Ráðningar standa yfir þessa dagana og tölurnar því að breytast dag frá degi.

